

Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík, 17. október 2019

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþingar við gæðastýringu í sauðfjárrækt (32. þingmál á 150. löggjafarþingi 2019-2020).

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 8. október sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþingar við gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Samtök náttúrustofa taka undir þessa tillögu til þingsályktunar.

Nýlega birtist ítarleg skýrsla jarðvegsfræðingsins Ólafs Arnalds um efnið (Á röngunni. Alvarlegir hnökrar í framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt. Rit Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 118) og sömuleiðis ritrýnd grein í alþjóðlegu vísindaritum um sama mál (Development of perverse environmental subsidies for sheep production in Iceland. Agricultural Sciences, 10, 1135-1151). Í þessum ritum er skilmerkilega lýst hvernig hrapallega hefur mistekist að ná upphaflegum markmiðum búvörusamninga og gæðastýringar um sjálfbæra beitarnýtingu lands. Það er áfellsdómur yfir landnýtingarþætti gæðastýringar í sauðfjárrækt, sem virðist í framkvæmd hafa að hluta til falið í sér ósjálfbæra landnýtingu og grænþvott lambakjötsframleiðslu. Fullt tilefni er því til að endurskoða framkvæmd gæðastýringarinnar.

Gæðastýringarkerfið var m.a. þróað var til að verðlauna umsýslumenn lands sem stæðu sig vel við stýringu beitar og jafnframt að draga úr líkunum á að beit færi fram á landi í slæmu ástandi. Reyndin varð hins vegar sú að allir sauðfjárþændur fengu styrki, óháð því hvort beit væri sjálfbær eður ei. Það er að mati Samtaka náttúrustofa ekki góð stjórnábyrging, umsýsla lands eða ráðstöfun fjármagns.

Framangreind rit sýna líka vel hvernig faglegt álit sérfræðinga á sviði landnýtingar, t.d. hjá Landgræðslunni, var ítrekað hunsað. Mikilvægt er að vísindaleg þekking á vistkerfum landsins sé nýtt til að bæta umgengni um þau. Til að mynda vita menn nú að möguleikar Íslendinga til mótvægisáðgerða í loftslagsmálum felast hvað helst í endurheimt vistkerfa, þar á meðal með bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Það verður helst gert með ábyrgri sjálfbærri beitarstýringu.

Samtök náttúrustofa telja fullt tilefni til að Alþingi samþykki tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþingar við gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa



Porkell Lindberg Pórarinsson, formaður SNS